

**Sp.**

## **769. Tillaga til þingsályktunar**

um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

Flm.: Jónas Jónsson, Bernharð Stefánsson, Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að verja úr ríkissjóði á árunum 1946—49 1700000 krónum til fjárskipta á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði, enda séu fjárskiptin gerð samkvæmt frumvarpi, er bændur á svæðinu hafa samþykkt.

### **Greinargerð.**

Ástæður fyrir þingsályktunartill. þessari og aðrar upplýsingar um málið eru í meðfylgjandi fylgiskjölum.

### **Fylgiskjal I.**

**Frumvarp til samþykka um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði, samkv. lögum nr. 88 9. júlí 1941.**

1. gr. — Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er allir hreppar og hreppahlutar milli Skjálfandafljóts og varnargirðinganna í Eyjafirði að meðtöldum Akureyrarbæ.

2. gr. — Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fram fara þegar haustið 1946, en annars svo fljótt sem við verður komið. Fjárfjöldi á svæðinu mun um seinustu áramót hafa verið allt að 18 þús. fjár.

3. gr. — Fulltrúaráð fjárskiptamála skipa 30 menn — eða 3 menn fyrir hvern hrepp —, og skulu jafnmargir menn kosnir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 skulu kosnir til vara. Framkvæmdanefnd skal kosin af fulltrúaráðinu.

4. gr. — Aðalstörf framkvæmdanefndar eru: Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt. Að sjá um, að einangrun svæðisins verði sem allra bezt tryggð. Að greiða fyrir kaupum á ósýktu fé til fjárskiptanna og sjá um, að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög.

5. gr. — Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum, jafnast á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist á hreppana í hlutfalli við meðalfjártölu þeirra samkvæmt vorframtali 3 síðastliðin ár, áður en fjárskipti fara fram.

6. gr. — Framkvæmdanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við Sauðfjárjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Frumvarp þetta var löglega samþykkt á fulltrúafundi á Akureyri 12. marz 1946 og sendist nú hreppsnefndum samkv. 11. gr. laga nr. 88 frá 1941.

## Fylgiskjal II.

Ár 1946, laugardaginn 30. marz, kom saman til fundar á Akureyri kjörstjórn sú, er kosin var á fulltrúafundi, höldnum á Akureyri 13. marz 1946, er haldinn var um fjárskiptamál.

Formaður kjörstjórnar, Jóhannes Laxdal, Tungu, stjórnaði fundinum, en Björn Jóhannesson, Laugalandi, skrifaði fundargerð. Kjörgögn höfðu borizt úr öllum hreppum þeim, er atkvæðagreiðsla um fjárskipti átti að fara fram í, og einnig Akureyrarbæ.

Þá hófst athugun kjörgagna.

1. Flateyjarhreppur. Þar voru 7 menn á kjörskrá, og höfðu allir neytt atkvæðisréttar
2. Bárðdælahreppur. 14 menn á kjörskrá, og neyttu allir atkvæðisréttar.
3. Ljósavatnshreppur. 43 menn á kjörskrá, og neyttu allir atkvæðisréttar.
4. Hálsahreppur. 50 menn á kjörskrá, 43 greiddu atkvæði.
5. Grýtubakkahreppur. 40 á kjörskrá, 33 greiddu atkvæði.
6. Svalbarðsstrandahreppur. 19 menn á kjörskrá, og neyttu allir atkvæðisréttar.
7. Öngulsstaðahreppur. 51 maður á kjörskrá, atkvæði greiddu 36.
8. Hrafnagilshreppur. 32 menn á kjörskrá, atkvæði greiddu 22.
9. Glæsibæjarhreppur. 7 menn á kjörskrá, greiddu allir atkvæði.
10. Akureyrarbær. 11 á kjörskrá, 5 greiddu atkvæði.

Alls voru á kjörskrá 274, þar af greiddu 229 atkvæði.

Eftir að hornar höfðu verið saman fundargerðir, kjörskrár og tala atkvæðaseðla, kom í ljós, að atkvæðagreiðsla var alls staðar í bezta lagi.

Hófst svo talning atkvæða og var útkoman þannig:

Já sögðu 191.

Nei sögðu 34.

Auðir seðlar 3.

Ógildir 1.

Samtals 229 atkvæði.

Þá var ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Jóh. Laxdal.      Björn Jóhannesson.      Halldór Guðlaugsson.

## Fylgiskjal III.

Umsögn sauðfjársjúkdómanefndar um samþykkt til fjárskipta á svæðinu milli Skjálfafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði, samkv. lögum nr. 88 frá 9. júlí 1941.

Fyrir nokkrum árum kom í ljós, að bændur í Þingeyjarsýslu töldu sig ekki geta rekið aðalatvinnuveg sinn, sauðfjárræktina, eftir að þurramæði fór að breiðast út um héraðið og valda tjóni á fjárstofninum.

Fyrst kom þetta fram í Reykdælahreppi, enda var þangað fluttur karakúlhrúturinn, sem álitíð er, að veikin hafi borizt með inn í sýsluna. Árið 1941 var svo komið í Reykjadal, að fjárskipti voru samþykkt af miklum meiri hluta fjáreigenda og fóru fram þá um haustið.

Síðan liðu þrjú ár, en á þeim tíma hafði veikin útbreiðzt mikið í 5 hreppum norðan við Reykjadal, og voru fjárskipti samþykkt þar og komið í framkvæmd haustið 1944.

Á síðastliðnu hausti fór á sömu leið í Mývatnssveit og Bárðardal austan Skjálfafljóts, og var þar með lokið fjárskiptum á öllu svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfafljóts.

Fjárskiptafrumvarp það, er hér liggur fyrir ásamt fundargerðum, sýnir, að svipað ástand hefur nú skapast á umgetnu svæði, eins og þar sem fjárskipti hafa þegar farið fram. Bændurnir telja, að fjárskipti séu óumflýjanleg eins og nú er komið, enda mun þurramæðin komin í því nær alla hreppa á svæðinu og hefur sums staðar valdið stórtjóni.

Hins vegar eru ýmsir annmarkar á að framkvæma fjárskipti á þessu svæði og halda því einangruðu.

Varnarlínan í Eyjafirði getur tæplega orðið örugg varnarlína, að nokkru sökum þess, að ekki er hægt að koma girðingu fyrir á fjöllumunum frá Vindheimajökli fyrir botn Glerárdals að „Kerlingu“. Þá mun og vera torvelt og dýrt að leggja girðingu í áframhaldi af Eyjafjarðargirðingum, hvor leiðin sem farin væri, vestur í Héraðsvötn eða austur í Skjálfandafljót. Yrði því að tryggja varnirnar með manna-vörzlu.

Einnig verður mjög torvelt að útvega nægilega mörg líflömb inn á svæðið. Tvö undanfarin haust hafa lömb til fjárskipta verið fengin í Norður-Þingeyjar-sýslu. Hefur þar verið gengið allnærri fjáreigendum með lambatöku, og yrði því þar um fá lömb að ræða á næsta hausti. Auk þess hefur garnaveiki austan að nálgast þessar sveitir (Axarfjörð og Presthólahrepp), þar sem hún sannaðist í vetur á Langanesi, og er því óalitlegra en verið hefur að taka lömb austan að. Virðist því helzt liggja fyrir, ef til kemur, að fá lömb á Vestfjörðum að mestu eða öllu leyti.

Miklir erfiðleikar eru fyrirsjáanlegir við lambatöku þaðan. Viða þyrfti að reka lömbin langa leið til hafnarstaða og síðan flytja þau sjóleiðina til Akureyrar og Svalbarðseyrar. Slíkum sjóflutningum fylgir mikil áhætta, og væri að miklu leyti tilviljun háð, hvernig þeir tækjust. Væri því útilokað að slá nokkru föstu um það, hversu mörg lömb væri hægt að útvega fjáreigendum á svæðinu. Að vísu væri það allmikið undir þeim sjálfum komið, því í þeirra hlut mundi falla að kaupa lömbin, safna þeim saman og reka til hafnarstaða. Sjóflutningana yrði rikið að annast, og er þá mest um vert að geta fengið hentug skip eða báta til þeirra flutninga.

En margt mælir með, að fjárskipti fari fram á svæðinu, og er þetta helzt:

1. Bændur á meiri hluta svæðisins reka sauðfjárrækt sem aðalatvinnu, og væri því mikils virði fyrir þá að hafa ósýktan fjárstofn.
2. Allmikið öryggi væri í því fólgið fyrir sauðfjárhéruð þau, sem nú hafa skipt um fé, að losna við sýktan fjárstofn af vesturbakka Skjálfandafljóts og af-rettarlöndum Bárðardals.
3. Mikil von er til þess, að með þeim fjárskiptum, sem samþykktin gerir ráð fyrir, verði þurramæðinni útrýmt úr þessu héraði og þar með komið í veg fyrir, að hún breiðist út um vesturhluta Eyjafjarðarsýslu og austurhluta Skagafjarðarsýslu, því ekki er vitað um, að veikin sé til staðar vestan Eyjafjarðargirðinga.

Það atriði gefur og tilefni til að ætla, að ekki væri eins mikil þörf á að leggja í stórfelldan kostnað til að reyna að tryggja Eyjafjarðarlinuna. Að vísu er garnaveiki í Skagafjarðarsýslu austan Vatna og Eyjafirði norðan til, en það er allfjarri línunni og mundi ekki stafa eins bráð hætta af því fyrir fjárskiptasvæðið eins og ef vitað væri um þurramæði í nánd við línuna.

Að þessu athuguðu sér sauðfjársjúkdómanefnd sér ekki annað fært en mæla með, að umrædd fjárskipti fari fram á þessu ári, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að sérstök fjárveiting fái á því ári, sem fjárskipti færu fram, og næstu árum (samanber meðfylgjandi kostnaðaráætlun), og verði ekki þess vegna dregið úr öðrum fjárveitingum til varnanna.
2. Að hlutaðeigandi fjáreigendur geri ekki kröfu til meiri girðinga, þar til séð væri, hvort um verulega hættu væri að ræða vestan að, en sem svarar 20—25 km, er verði notað til tvöföldunar á þeim girðingum, sem fyrir eru, þar sem

- mest þörf væri talin, og til einherrar framlengingar á fjöllunum fram af Saurbæjarhreppi.
3. Að fjáreigendur geri ekki kröfu til auka-afurðatjónsbóta, þó ekki yrði hægt að útvega þeim á fyrsta ári tilskilda lambatölu.

Reykjavík, 8. apríl 1946.

Gunnar Þórðarson.      Ingimar Jónsson.      Jón Sumarliðason.  
Ólafur Tryggvason.      St. Stefánsson.

**Fylgiskjal IV.**

**Kostnaðaráætlun vegna fjárskipta á svæðinu milli Skjálfandafljóts og Eyjafjarðar-girðinga, miðuð við, að fjárskipti færu fram haustið 1946.**

1946	25 km girðingar á 3000.00 .....	kr.	75 000.00
1946	Flutningur á 8000 lömbum á 30.00 .....	—	240 000.00
1947	Bætur á 16 þús. fjár (áætlað kr. 40.00 hálf lambsverð) ..	—	640 000.00
1947	Flutningur á 3000 lömbum á 30.00 .....	—	90 000.00
1948	Uppbætur á 16 þús. fjár á 20.00 .....	—	320 000.00
1948	Bætur á 5330 fjár á 40.00 .....	—	213 200.00
1949	Uppbætur á 5330 fjár á 20.00 .....	—	106 600.00

Samtals kr. 1 684 800.00